

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2015, föstudaginn 27. febrúar, var haldinn 213. fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fjarverandi: Einar Birkir Einarsson. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2014

Árni Claessen, endurskoðandi KPMG, fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings. Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, kynnti helstu niðurstöður ársins. Stjórn samþykkir ársreikning Strætó bs. 2014. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.

2. Starfsreglur stjórnar

Endurskoðaðar starfsreglur stjórnar lagðar fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir nýjar starfsreglur stjórnar og vísar þeim til staðfestingar á eigendafundi Strætó.

3. Staða dómsmála

Lögð voru fram minnisblöð frá Guðmundi Siemsen, lögfræðingi hjá Advel, vegna dómsmála sem höfðuð voru á hendur Strætó fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð nr. 12369 á árinu 2010.

4. Borgarlína 2030

Gunnar Valur Gíslason stjórnarmaður kynnti tillögu að framkvæmdaáætluninni Borgarlína 2030 sem er liður í langtímastefnumótun fyrirtækisins.

Tillögunni vísað til umfjöllunar á fundi eigendavettvangs.

5. Akstursútboð 2015

Jóhanna Eirný deildarstjóri innkaupadeild Reykjavíkurborgar fór yfir fyrirkomulag útboðs- og samningskaupa og helstu lög og reglur sem gilda.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að afla áhlits innkaupadeildar Reykjavíkurborgar á akstursútboði.

6. Stefnumótun

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri fór yfir drög að nýju stjórnskipulagi byggðasamlagsins. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri vinni málið áfram á þeim nótum sem kynntar voru.

7. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Jóhannes Rúnarsson og Bryndís Haraldsdóttir fóru yfir stöðu mála og störf neyðarstjórnar síðastliðnar vikur.

8. Önnur mál

a. Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður Strætó, upplýsir að eigendavettvangur Strætó muni funda 6. mars nk.

b. Fyrirspurn til stjórnar Strætó bs. frá Birki Jóni Jónssyni, Kópavogi, 12. febrúar 2015. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

Næsti fundur verður haldinn í stjórn 13. mars 2015 kl: 8:00.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 14:00

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason